

Arnarfjörður á miðöldum

Framvinduskýrsla 2016



Margrét Hallmundsdóttir
Sólrún Inga Traustadóttir

NV nr. 01-17

Janúar 2017

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Arnarfjörður á miðöldum.....	4
Yfirlit um rannsóknir Arnarfjarðar á miðöldum.....	5
Uppgröftur aðferðafræði.....	6
Hrafseyri - Uppgröftur 2016.....	7
Gripir.....	12
Túlkun niðurstaðna Hrafseyri.....	13
Rannsóknir á Auðkúlu.....	15
Auðkúla 2016 Svæði B Járnvinnslusvæði - rauðablástursminjar.....	19
Gripir.....	27
Túlkun niðurstaðna á Auðkúlu.....	27
Arnarfjörður á miðöldum – framhald rannsókna.....	30
Heimildir.....	32
Viðauki 1. Einingaskrá.....	34
Viðauki 2. Einingaskrá.....	38
Viðauki 4. Einingaskrá.....	38
Viðauki 5. Harris Matrix.....	39
Viðauki 3. Gripaskrá.....	42

Inngangur

Árið 2011 hófst rannsóknin *Arnarfjörður á miðöldum* og hafa rannsóknir staðið yfir í Arnarfirði hvert sumar síðan.

Rannsóknin sumarið 2016 hófst þann 1. ágúst og lauk þann 1. september. Við rannsóknina störfuðu fornleifafræðingarnir Margrét Björk Magnúsdóttir, Sólrún Inga Traustadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Guðrún Rúna Þráinsdóttir ásamt Christine Torvaldson, fornleifafræðinema frá Háskólanum í Bergen. Stjórnandi rannsóknar var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir var verkstjóri á vettvangi á Auðkúlu.

Rannsóknin er unnin af fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í samstarfi við Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og Prófessors embætti Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri en Dr. Guðmundur Hálfðánarson prófessor gengir því embætti í Háskóla Íslands. Rannsóknin hlaut styrk frá Fornminjasjóði og frá Prófessors embætti Jóns Sigurðssonar í Háskóla Íslands. Þann 17. júní 2016 opnaði á Hrafnseyri sýning um rannsóknina.

Sérstakar þakkir fá staðarhaldarar á Hrafnseyri, Valdimar Halldórsson og Ólöf Oddsdóttir og hjónin á Auðkúlu, Hreinn Þórðarson og Hildigunnur Guðmundsdóttir fyrir velvilja og aðstoð við rannsóknina. Dr. Guðmundur Hálfðánarson prófessor fær bestur þakkir fyrir stuðning og velvild.



Mynd 1 Starfsmenn rannsóknarinnar árið 2016.

Arnarfjörður á miðöldum


Náttúrustofa Vestfjarða stendur fyrir rannsókninni *Arnarfjörður á miðöldum*.

Markmið rannsóknarinnar eru fyrst og fremst að skoða heilstætt upphaf og þróun byggðar með ýmsum aðferðum og að kanna líf og lífshætti í Arnarfirði á miðöldum.

Notaðar eru mjög fjölbreyttar aðferðir við rannsóknina eins og fornleifaskráning, uppgröftur, fjarkannanir og borkjarnarannsóknir.

Helstu markmið rannsóknarinnar Arnarfjörður á miðöldum er að:

- Skrá fornleifar og rannsaka frekar valdar minjar um elstu byggð í Arnarfirði
- Gera fornleifarannsókn á völdum stöðum í Arnarfirði
- Gera fjarkönnunarrannsóknir á nokkrum jörðum
- Fá heildstætt svæðisbundið yfirlit yfir upphaf og þróun byggðar
- Skoða hvort framleiðsla á járnri hafi farið fram í firðinum á miðöldum
- Miðla rannsóknarniðurstöðum til ferðamanna og almennings
- Rannsaka tengsl ritheimilda við fornleifar



Kort 1. Kortið sýnir staðsetningu bæjanna í Arnarfirði. Kort HBA.

Yfirlit um rannsóknir Arnarfjarðar á miðöldum

Rannsóknin hófst árið 2011 með gerð könnunarskurða á Hrafnseyri sem leiddu í ljós að mannvistarleifar var að finna í túninu austan við rústir miðaldakirkjugarðs á Hrafnseyri. Markmið fyrsta hluta rannsóknarinnar var að finna hvar miðaldabyggðin á Hrafnseyri var. Árið 2012 hófst uppgröftur og var þá staðfest að mannvistarlög sem komu í ljós við könnunarrannsókn árið 2011 voru frá landnámsöld. Á Hrafnseyri fannst jarðhýsi frá 10. öld ásamt eldstæðum og holum sem að öllum líkindum eru eldunarholur. Árið 2013 hélt uppgröftur áfram og allt jarðhýsið var grafið upp. Í ljós kom kolagröf við hlið jarðhýsisins sem tilheyrir eldri fasa en húsið, og ljóst að áður en byggð hófst fór fram kolagerð á Hrafnseyri og líkur til að járnvinnsla hafi farið þar fram líka. Jarðhýsi voru í notkun frá upphafi landnáms fram undir árið 1000 þegar notkun þeirra var skyndilega hætt. Jarðhýsi eru oftast staðsett nærri skála og því ekki ólíklegt að skáli sé í nágrenninu. Árið 2013 voru grafnir könnunarskurðir á bænum Auðkúlu sem er næsti bær vestur af Hrafnseyri. Ábúandi á Auðkúlu Hreinn Þórðarson hafði bent fornleifafræðingum á að í landi hans, töluvert frá bænum, væru ógreinilegar rústir. Könnunarskurðir voru gerðir í

rústirnar og leiddu í ljós skála og svæði þar sem járn hefur verið unnið ofan við skálann. Á svæðinu sjást jafnframt fleiri rústir á yfirborði. Þær rústir auk skálans virðast vera jarðhýsi og hugsanlega fjós eða útihús af einhverju tagi. Hluti af garði er sjáanlegur milli skála og járnvinnslusvæðis.

Árið 2014 fóru fram fjarkönnunarrannsóknir á Hrafnseyri. Hópur breskra fornleifafræðinga kom með jarðsegulmæla og viðnámsmæla til rannsókna á túninu á Hrafnseyri. Niðurstöður sýndu breytingar í jarðvegi sem bentu til fornleifa undir sverði sem rannsakaðar voru árið 2015.

Uppgröftur aðferðafræði

Við uppgröftinn er stuðst við svokallað *single-context* einingakerfi. Hvert jarðlag er grafið sérstaklega, því lýst og það ljósmyndað og teiknað. Sýni voru tekin á svæði B á Auðkúlu, jarðvegs-, gjall- og kolasýni. Jarðlög voru öll grafin með handaflí og sigtuð að hluta. Númerakerfi jarðlaga/eininga er þannig háttað:

Hrafnseyri

- svæði H: [300] –
- svæði G: [600] –


Auðkúla

- svæði A: [100] –
- svæði B: [200] –
- svæði C: [300] –

Í skýrslunni er jarðlögum lýst sem teljast að mestu eða fullu rannsökuð en jarðlög sem bíða túlkunar næsta árs eru skilin eftir til umfjöllunar í lokaskýrslu. Ljósmyndaskrár og listar eru geymdir í Excel/Access gagnagrunnum. Stafrænum gögnum, ljósmyndum og öðrum uppgraftargögnum verður skilað inn til Minjastofnunar að rannsókn lokinni. Gripir verða forvarðir af forvörðum á Þjóðminjasafni Íslands samkvæmt samningi þar um. Gengið er frá gripum samkvæmt leiðbeiningum um meðhöndlun gripa frá Þjóðminjasafni Íslands. Allir gripir eru skráðir inn í gagnagrunnin Sarp sem rekinn er af Þjóðminjasafni Íslands.

Hrafnsøyri - Uppgröftur 2016

Sumarið 2015 var gerður könnunarskurður þar sem viðnámmælir og jarðsegulmælir höfðu greint frávik vestur af miðaldakirkjugarði. Skurður var opnaður sem var 1 m á breidd og 3,5 m á lengd og var í austur-vestur. Efsta lagið undir grassverði **[601]** var þunnt yfirborðslag, aðallega grasrætur. Þar fyrir neðan var lag sem innihélt mikið af kola og beinarusli **[602]** og yfir miðjum skurðinum var mikið af torflinsum í laginu. Þetta ruslslag er gamalt því ekki var neitt um gripi í því eins og finnst í yngri ruslögum á svæðinu. Undir þessu lagi var annað lag **[603]** sem var líka ruslslag en var grófara og meira malarkenndara. Í þessu lagi var meira af óbrenndum beinum og var þetta lag áberandi í báðum endum skuðsins og var til hliðar við vegg sem kom í ljós í skurðinum. Veggurinn **[604]** var úr torfi og var fyrir miðjum skurði. Undir torfinu var grjóthleðsla **[605]** sem veggurinn hefur verið hlaðinn ofan á. Undir veggnum og ruslslaginu var óhreyft rauðleitt malarlag **[606]**.




Mynd 2. Afstöðumynd sem sýnir uppgriftarsvæði G og hvar könnunarholan var tekin. Skjáskot af kortasjá Minjastofnunar.

Í bók Böðvars Bjarnasonar um Hrafnsøyri segir „Fyrir utan Péturshlutann er lægð nokkur í túnið. Nær hún frá bökkunum og upp undir útsuðurhornið á kirkjugarðinum. Áður náði

hún uppundir bæjarhlaðið en þegar gamli kirkjugarðurinn sem var úr torfi, var felldur árið 1905, fyllti hann efri hluta lágirnar. Lægð þessi heitir Undirgangur. Sagt er að undir þessari lægð hafi fyrrum verið jarðgöng úr bænum og fram úr bökkunum. Ásgeir Jónsson, sem lengi bjó á Hrafnseyri á seinni hluta 19. aldar sagði, að þegar hann kom á Hrafnseyri á seinni hluta 19. aldar hafi undirgangsopið inn í bakkann verið 2-3 faðmar. En um síðustu aldamót var ekki opið nema rúm alin. Glögglega sást þá fyrir steinhleðslu í opinu. Nú er það alveg sigið saman“¹

Ákveðið var að stækka svæðið þar í framhaldi af þessum könnunarskurði sem lýst er hérna að framan. Svæðið var 3,5 á breidd og 5 m á lengd. Efst var þunnt yfirborðslag [601] aðallega grasrætur. Þar neðan var lag sem innihélt mikið af kolum og beinum [602]. Næst kom skurður eða *cut* [607] sem var renna um 1 m á breidd og var í beinu framhaldi frá niðurgreftinum sem kom í ljós sumarið áður og hélt áfram til suðurs. Þessi renna hafði verið fyllt af ruslalagi [603]. Í því lagi var mikið af brenndum og óbrenndum beinum auk nokkurra gripa en einnig var töluvert að rauðleitum torfsneplum í laginu. Greinilegt er að þetta lag er dæmigert ruslslag sem fellur til frá heimilishaldi. Vestan megin við rennuna var torfveggur [604]. Þessi veggur var mjög útflattur og var um tveir




Teikning 1. Teikning sem sýnir niðurgreftinn og veggina. Teikning RP og MHH.


metrar á breidd og var ekki allstaðar hægt að sjá fyrir endann á þykkt hans á svæðinu sem opnað var. Greinilegt er að torfveggurinn hefur orðið fyrir sléttun á síðari tímum sem skýrir breidd hans og hversu útflattur hann er. Hinum megin við skurðinn kom hinsvegar í ljós torfveggur [608] sem virðist ekki hafa verið sléttuður eins og hinn. Sá veggur var hlaðin úr streng og var um 70 cm hár. Það sem hafði mikil áhrif á rannsóknina á þessum vegg var að hann var alveg við hliðina á kirkjugarðsveggnum og hafði kirkjugarðsveggurinn hrunið yfir vegginn þ.e. mikið af grjóti úr

¹ Böðvar Bjarnason 1961:16.

kirkjugarðsveggnum lá ofaná hinum veggnum [608]. Þar sem kirkjugarðurinn er friðlýst fornleif var ekki hreift við grjótinu ofan á veggnum sem olli því að ekki var hægt að rannsaka hann til hlítar. Í raun má segja að fall kirkjugarðsveggjarins ofan á vegginn hafi forðað honum frá skemmdum og sléttum en munnmæli herma að kirkjan hafi verið tekin af og ný byggð við hlið hennar við stóru bólu í byrjun 15 aldar². Undir þykka ruslalaginu sem fyllt rennuna var náttúrulegt malarlag [606].



Teikning 2. Þversnið af niðurgreftinum. Norður. Teikning RÞ. Tölvuvinnsla MHH.



Við rannsóknina sumarið 2016 kom í ljós að þessi renna er mögulega manngerð og beggja vegna hennar eru torfveggir. Til að ganga úr skugga um hvort að þessi renna héldi áfram sunnan við kirkjugarðinn eins og fjarkönnunarmyndir benda til var ákveðið að gera könnunarholur 3 m sunnan við suðurhlið kirkjugarðsins. Þetta var gert á næst síðasta degi uppgrafter. Opnaðar voru tvær könnunarholur sem voru 1x1 m á stærð og 1 m á milli þeirra. Þær könnunarholur leiddu í ljós sömu jarðlög og fundust höfðu ofar og við sama niðurgroft. Þetta þýðir að

² Örnefnaskrá Hrafnseyri

skurðurinn/mannvirkið liggur meðfram öllum kirkjugarðsveggnum og lengra fram. Í annarri könnunarholunni kom í ljós torf beggja megin við niðurgröft og grjóthleðslu og var niðurgröfturinn fullur af sama ruslalagi [602].



Mynd 3. Eins og sést þá er eins niðurgröftur 3 m frá syðri kirkjugarðsveggnum (sjá mynd 1) sem bendir til að um sama strútkúr sé að ræða.



Mynd 4. Torfveggur [608] sem hrun úr kirkjugarðsvegg liggur yfir. Ruslaga fyllir niðurgröftinn og grjót líklega hrun úr veggnum á móti fyllir niðurgröftinn. Tekið í Suður. Mynd MHH.

Ruslaga
[602]



Mynd 5. Niðurgrofturinn eða rennan sem liggur meðfram kirkjugarðsveggnum . Tekið í suður. Mynd MHH.



Mynd 6. Niðurgrofturinn tekið í suður . Mynd MHH.

Gripir

Nokkrir gripir fundust í við rannsóknina í sumar. Allir gripirnir fundust í ruslalagi í niðurgreftinum. Sjá gripaskrá í viðauka.



Mynd 7. *Textílleifar (2016-54-3) úr ruslalagi í göngum. Ofið ullarefni.*



Mynd 8. *Brot úr steinsleggju (2016-54-4) úr ruslalagi í niðurgrefti.*

Túlkun niðurstaðna Hrafnseyri

Við rannsóknina kom í ljós óskemmdur veggur [608] sem liggur undir hruni frá kirkjugarðsveggnum.

Hugsanlega gæti þetta verð eldri kirkjugarðsveggur þó er það nokkuð ólíklegt þar sem veggurinn er svo mikið lægri en yngri veggurinn og mun lægri en gólfíð í kirkju rústinni, en verður ekki útilokað. Það er ljóst að eftir




rannsóknir síðustu tveggja sumra að í túninu á svæði

vestan við kirkjugarðsvegginn þar sem kallað er *Undirgangur* er að finna niðurgröft eða rennu. Þessi niðurgröftur hefur verið fylltur af ruslalagi frá heimilishaldi og blandað við það lag eru torflinsur. Þessi niðurgröftur er um 1 m á breidd. Öðru megin við hann er torfveggur [608] undir hruni frá kirkjugarðsvegg. Þessi torfveggur er 70 cm á hæð. Hinumegin við niðurgröftinn er torf [604] en það lag er mikið lægra og útflattara og hefur greinilega verið orðið fyrir sléttun. Svo virðist sem vestari veggurinn hafi verið hlaðin úr torfi og grjóti en sá austari að mestu verið úr torfi. Niðurgröfturinn viðist liggja eins og sést á fjarkönnunarmyndum (mynd 9 og 10).

Ljóst er að svæðið vestanmegin við kirkjugarðsvegginn er töluvert lægra í dag en það hefur verið áður og er túnasléttun og plæging líklega orsakavaldurinn. Þetta sést best á því að gólfíð í kirkjutóftinni og kirkjugarðurinn allur eru mun hærra en umhverfið í kring.

Ekki verður að svo stöddu hægt að fullyrða að þessi niðurgrafna renna sé manngerð og séu umrædd *Undirgöng* en sterkar líkur eru á því.

Rannsóknir á komandi sumri munu miðast að því að staðfesta gerð og notkun á umræddum niðurgreftri/mannvirki.




Mynd 9. Niðurstöður jarðsegulmælinga. Rennan sést vel sem hvítari flekkur.



Mynd 10. Viðnámsmælingar þar sem rennan sést vel sem ljósari rák (ljóst er minna viðnám).

Rannsóknir á Auðkúlu

Rannsóknir fóru fram á Auðkúlu daganna 1 – 31 ágúst og fór fram uppgröftur á tveimur svæðum: C og B.



Mynd 11. Svæðin sem rannsökuð voru sumarið 2015 og eru merkt með rauðu og bókstöfum. Skjáskot af kortasjá Minjastofnunar. Kort. Loftmyndir EHF Er svæði B ekki stærra?

Svæði C

Svæði C var stækkað frá fyrra ári en þá komu í ljós mögulegar grafir í könnunarskurði og lítil rúst inn í hringlaga strúktúr sást ógreinilega á yfirborði. Ákveðið var að stækka svæðið til að freista þess að staðfesta hvor um væri að ræða kirkjugarð og bænhústóft. Svæðið sem opnað var, var 7x8 m að stærð og innan þess var meint bænhústóft og hluti af hringlaga strúktúr sem best kom fram á dróna mynd en sést að hluta á loftmyndum.

Við rannsóknina kom í ljós lítil bygging með mjög illa förnum torfveggjum sem voru mjög lágir. Húsið er 2,5 m á lengd og 2 m á breidd [307] á innan þess var malarlag [308] og undir því torkennt ljósbrúnt lag [309]. Lögin í kringum bygginguna voru þau sömu og komu fram í skurðinum; yfirborðslag [301] og torflag [302] sem virtist skorið á mörgum stöðum (líklega grafir) [305].

Ákveðið var að grafa á einum stað í einn af þessum skurðum sem virtust vera grafnir. Sama kom í ljós og sumarið 2015, skurður [310] og fylling [311] en engin bein fundust í meintri gröf. Ákveðið var að stöðva rannsókn að svo stöddu þar sem tvær meintar grafir reyndust tómar. Leitað var til Guðnýjar Zoëga mannabeinafræðings og stjórnanda *Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar* og ákveðið að hún kæmi vestur sumarið 2017 og veitti sérfræðiaðstoð vegna mikillar reynslu við kirkjurannsóknir og þekkingu á kirkjugörðum úr frumkristni. Svæðinu var því lokað og ákveðið að skoða það betur með Guðnýu sumarið 2017.

Þó ekki hafi fengist staðfesting að um bænhús og kirkjugarð sé að ræða þessu sinni þá ber að hafa eftirfarandi í huga. Um er að ræða hringlaga gerði með litlu húsi í miðju. Þessi hringlaga garður sést á dróna myndum sem heill hringur og tveir hlutar hans sjást á venjulegum loftmyndum teknum úr meiri hæð (Loftmyndir map.is). Þegar gamlar svarthvítar loftmyndir eru skoðaðar frá Landmælingum sést mjög greinilega hringlaga garðlag. Erfitt að ímynda sér annan tilgang fyrir hringlaga garðlagi og litlu húsi í miðju þess sem annað er bænhús og kirkju. Þegar við bættist að



Mynd 12. Á þessari gömlu loftmynd sést hringlaga garðlagið vel

húsið hefur rétta áttvísun kirkju (austur-vestur) og að greinilegir niðurgreftir eru í grafar stærð í kringum þetta litla hús og innan hringlaga gerðisins eru fáar aðra skýringar. Vandamálið er því fyrst og fremst að í þeim tveim meintu gröfum sem grafnar hafa verið fundust engin bein. En á síðustu árum höfum við séð dæmi þess að kirkjugarðar hafa verið fluttir mjög snemma. Var það í lögum að ef kirkja er aftekin skuli fjarlægja grafir eins og segir í Grágás:

„Kirkja hver skal standa í sama stað sem vígð er, ef það má fyrir skriðum eða vatnagangi eða eldsgangi eða ofviðri, eða héruð eyði af úr afdölum eða útströndum. Það er rétt að færa kirkju ef þeir atburðir verða. Þar er rétt að færa kirkju ef biskup lofar. Ef kirkja er upp tekin mánuði fyrir vetur eða lestist hún svo að hún er ónýt, og skulu lík og bein færð á braut þaðan fyrir veturnætur hinar næstu. Til þeirrar kirkju skal færa lík og bein færa sem biskup lofar gröft að.

Þar er maður vill bein færa, og skal landeigandi kveðja til búa nú og húskarla þeirra, svo sem til skipsdráttar, að færa bein. Þeir skulu hafa með sér pála og rekur. Hann skal sjálfur fá húðir til að bera bein í, og eyki til að færa. Þá búa skal kveðja er næstir eru þeim stað er bein skal upp grafa, og hafa kvatt sjö nóttum fyrr enn til þarf að koma, eða meira mæli. Þeir skulu koma til í miðjan morgun. Búandi á að fara og húskarlar hans þeir er heilindi hafa til, allir nema smalamaður. Þeir skulu hefja gröft upp í kirkjugarði utanverðum, og leita svo beina sem þeir mundu fjár ef von væri í garðinum. Prestur er skyldur að fara til að vígja vatn og syngja yfir beinum, sá er bændur er til. Til þeirrar kirkju skal bein færa sem biskup lofar gröft að.”³



Mynd 13. Veggir lítillar torfbyggingar í miðju hringlaga gerði.

Á Hrafnseyri voru grafnir könnunarskurðir í kirkjugarð árið 2012. Þar var svipaður jökulruðningur í gröfum og er á Auðkúlu. Í annarri gröfinni þar fannst lítið brot úr kjálka og höfuðbeinum og í hinni aðeins glerungur tanna. Varðveisluskilyrði voru svo slæm að tannbeinið var horfið. Jarðvegur í Arnarfirði einkennist af grófum jökulruðningi og getur það skýrt afar slæm varðveisluskilyrði beina. Þó ýmsar vísbendingar bendi til þess að um kirkjugarð og bænhús sé að ræða er líka sérstakt að bæði garðurinn og húsið eru

³ Grágás Vefútgáfa Vilhjálmur Finsen Kaupmannahöfn : Nordiske Literatur-Samfund, 1852-1870.

óvenju lítill miðað það sem þekkist. Kirkjan sem grafin var upp á Stóru Seylu í Skagafirði er áþekk þessari rúst en bænhúsið þar var rétt um 2m á breidd og 2,7m á lengd⁴. Þar var kirkjugarðurinn sjálfur nokkuð stærri.

Niðurstöður *Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar* sem staðið hafa yfir undanfarin ár benda til þess að á fyrstu áratugum kristni í landinu hafi tíðkast að fólk jarðaði fjölskyldumeðlimi í grafreitum heima á bæ. Orri Vésteinsson fjallaði um heimilisgrafreiti í doktorsritgerð sinni en hann segir: „Er þess síðar getið að menn hafi fljótt tekið að reisa örsmáar kirkjur í grafreitum til að helga þá og hlutverk þeirra tengst greftrun og sálumessum eða annarskonar minningu látinna ástvin“,⁵. Hugsanlega höfum við ekki séð öll tilbrigði frumkristinnar á Íslandi og mögulega samhengi milli fjölskyldustærðar og stærð fjölslyddugrafreits. Flestir grafreitir í Skagafirði eru svipaðir að stærð eða um 20 m en hringurinn á Auðkúlu er 13 m í þvermál. Ef sannreint verður að þetta sé í raun grafreitir og bænhús er það merkilegt innlegg í rannsóknir á frumkristni á Íslandi.

Sumarið 2017 verður rannsóknum haldið áfram með sérfræðingum *Skagfirsku Kirkjurannsóknarinnar*.

⁴ Guðný Zoëga 2014:12

⁵ Orri Vésteinsson 1996:92

Auðkúla 2016 Svæði B Járnvinnslusvæði - rauðablástursminjar



Mynd 14 Uppgriftarsvæðið á Auðkúlu í Arnarfirði. Könnunarskurður í kolagröf er lengst til hægri. Myndin er tekin nánast beint í vestur. Mynd MBM.


Opnað var svæði að stærð 6 x 5 m út frá norðaustur horni gamla uppgriftarsvæðisins (svæði B) á Auðkúlu árið 2015. Einnig var gerður könnunarskurður, 2 x 2 m í meinta kolagröf um 3 metrum vestan við nýja uppgriftarsvæðið. Um er að ræða stað þar sem búið var á og stundaður rauðablástur. Byggingarlag skálans bendir til að minjarnar á Auðkúlu séu mjög gamlar. Rústirnar í landi Grelutófta sem rannsakaðar voru árið 1977 eru taldar frá því um 900⁶ og þar eru að finna svipantar minjar og eru á Auðkúlu. Líklegt er að minjarnar á Auðkúlu séu frá 880-1100 en reynt verður að aldursgreina þær sumarið 2017. Minjarnar í landi Auðkúlu liggja afar grunnt og má jafnvel sjá koladreif í grasrót og lyngi á svæðinu. Ljósleiðari hefur verið lagður þvert í gegnum uppgriftarsvæðið þrátt fyrir að Þór Hjaltalín minjavörður hafi greint framkvæmdaraðilum frá því að fornleifar væri að finna á þessum stað. Ljósleiðarinn

⁶ Guðmundur Ólafsson 19793-66

hefur verið plægður niður og skilur eftir sig skurð sem raskar tengingu allra jarðlaga á svæðinu og tveimur ofnum, [2] og [3]. Skurðurinn er um 12 cm þar sem hann er breiðastur, 6,3 m að lengd og 80 cm djúpur frá grasrót og niður í óhreyft. Mannvistarlög á svæðinu er um 40 cm þar sem þau eru þykkust.

Greinilegar leifar af fjórum rauðablástursofnum komu í ljós, ásamt kolagröf í könnunarskurðinum. Út frá jarðlagasamhengi var hægt að greina a.m.k. tvo fasa á járnvinnslnunni á staðnum. Annars vegar efra og yngra járnvinnslusvæði þar sem torf og malarlög ([245, 246, 250 og 252]) hafa verið lögð á afmörkuðu svæði og mynda nokkurs konar skjólvegg að sunnan og austanverðu, umhverfis þrjá ofna ([2, 3 og 4]). Þrjár stoðarholur (mögulega fjórar) eru að finna vestan megin á ofnasvæðinu en engar viðarleifar fundust í þeim. Tvær eru nokkuð augljósar og djúpar en hinar tvær eru þó nokkuð grynri. Þykk kola- og siltlög⁷ voru yfir þessum ofnum og á nokkrum stöðum mátti greina afar brotakenndar ofnleifar. Það er því möguleiki á að yngra svæðið skiptist í tvo fasa. Á eldra og neðra svæðinu var að finna leifar af einum ofni sem hefur verið notaður í nokkur skipti en umhverfis hann voru þykk kola- og gjalllög.

Nokkrar tegundir af ofnum fyrir rauðablástur eru þekktar. Í Norður-Evrópu á fyrri hluta miðalda virðist algengt að þeir hafi haft einhverskonar stromp. Þessum ofnum má hins vegar skipta í tvær gerðir. Annars vegar ofna þar sem gjallinu er hleypt af og hins vegar ofna þar sem gjallið er látið safnast saman á botninum inni í ofninum. Stærð og lögun þessara tveggja ofntegunda er þó hin sama og eru ofnarnir oftast sívalningslaga eða næstum ferhyrndir og á bilinu 30-70 cm í þvermál.⁸ Þessi lýsing passar vel við þær ofnleifar sem fundust á járnvinnslusvæðinu á Auðkúlu.




⁷ Silt er fínkorna set eða botnleðja.

⁸ Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga 2015:68.

Ofnleifar á Auðkúlu

Ofn [1] er staðsettur syðst á uppgraftarsvæði og kom hann fljótt í ljós eftir að tyrft var ofan af nýja svæðinu. Út frá jarðlagasamhengi er hann samt sem áður eldri en ofnar [2], [3] og [4] og tilheyrir því eldra stigi járnvinnslunnar á staðnum. Stærð hans er um 70 cm að innra þvermáli. Ofninn samanstóð af steinum og ljósbrúnu torfi sem myndaði hálfhring utan um kola- og gjallfyllingar. Á einum stað myndast bil eða hálfgerð rás í torfið þar sem stór gjallmoli lá innan um svart kolalag. Steinarnir eru upp við innri brúnir torflagsins og stór steinn virðist „loka“ ofninum norðvestan megin. Hann er flatur



Teikning 4. Teikning af ofni[1]. C#227
Teikning LLD.

að ofan og sorfinn. Steinninn hefur haft einhvern tilgang við járngerðina og hvort um sé að ræða svokallaðan rekstein er ekki útilokað. Á reksteininum hefur járníð verið gróf unnið en hin eiginlega smíðavinna hefur farið fram á svokölluðum steðja.⁹ Gróf vinnslan felur í sér að mestu óhreinindin eru barinn úr járninu, s.s. kol og gjall. Líklegt þykir að rásin í torfinu séu ummerki um að gjalli hafi verið hleypt af ofninum og það ekki látið safnast upp í botninum.



Mynd 15 Ofn [1]. Byggður úr torfi og grjóti með kola- og gjallfyllingu. Mynd tekin í norður. Ljósmynd LLD.

⁹ Þór Magnússon 1994: 302-303.

Ofn [2] er staðsettur í norðvesturhorni uppgraftarsvæðis, sívalningslaga með brenndum og eldsprengdum steinum í fyllingu. Hann er skorinn í sama torflag og ofnar [3] og [4] sem eru samtíða og tengjast yngra stigi járnvinnslnunnar. Neðst í honum fannst órunnið gjall en erfitt er að staðfesta um hvort hann sé af sömu gerð og ofn [4], þ.e. að gjallinu hafi verið hleypt af eftir notkun, því ljósleiðari raskar honum vestanmegin. Órunna gjallið bendir frekar til þess að ekki hafi verið hleypt af honum. Stærð ofnsins er 35 x 23 cm og hann er 18 cm djúpur.




Mynd 16 Ofn [2] og ljósleiðaraskurður [239] sést fara í gegnum hann að vestanverðu (neðst). Mynd tekin beint niður. Mynd LLD.

Ofn [3] er staðsettur í norðvesturhorni uppgraftarsvæðis, sívalningslaga með runnu gjalli í botninum en líkt og ofn [2]. Þá hefur hann verið skorinn af ljósleiðara að vestanverðu og er afar illa farinn sökum þess. Stærð hans er um 40 x 25 cm og hann er 18 cm djúpur. Sennilegast þykir að um sé að ræða samskonar ofn og ofn [2].

Ofn [4] er staðsettur austan við ofna [2] og [3] og náði ljósleiðarinn því ekki að raska honum. Hann er sívalningslaga en nokkuð óreglulegur að vestanverðu en sennilegast hefur gjallið verið látið leka þar út en þar fannst runnið gjall. Fyllingar í ofninum sjálfum einkennast af kolakurli, stærri kolamolum, sóti og rauða. Fyllingar þar sem áætlað er að gjallið hafi runnið út innihélt torf, rauða, gjall og smá kol. Þvermál ofnsins er 50 cm og dýpt er 23 cm. Flatur steinn var í botninum ofan á kolafyllingu að hluta og er líklegt að hann hafi hrunið inn þegar ofninn var brotinn niður og járníð sótt í hann.



Mynd 17 Ofn [4] með kola- og rauðafyllingum. Mynd tekin í vestur. Ljósmynd MBM.



Mynd 18. Ofn [4] eftir að fyllingar hafa verið fjarlægðar. Mynd tekin beint niður. Mynd MBM.

Á einum stað fannst afar þétt, járnríkt lag [237] upp við eldsprunginn stein sem stóð lóðréttur, hinum megin var þétt torflinsa. Lagið var staðsett ofan í gryfju [238] eða pytt sem staðsettur var fyrir miðju norðursniði og gengur áfram í norður. Það virðist sem að í fyrstu hafi verið þarna ofn og þá myndast þetta þetta járnlag eða járnhlemmur í botni hans. Síðan hafi notkun hans verið hætt og mögulega notað áfram sem kolagröf.



Mynd 19 Bleikt járnríkt lag (járnpanna) neðst í botni gryfju [238] ásamt uppréttum steini. Mögulega leifar af ofni. Mynd tekin beint niður. Ljósmynd SIT.



Mynd 20. Eldsprunginn steinn úr gryfju [238]. Ljósmynd SIT.

Jarðlag [219] var afar umfangsmikið og blandað kolakurli, gjalli og sóti. Einnig var töluvert af silt jarðvegi á nokkrum stöðum sem mynduðu hálfmána eða hálfhringi og voru allt að 20 cm þykkir. Þessi jarðvegur hefur hentað vel til ofngerðar því hann er afar þéttur. Það er því ekki loku fyrir það skotið að um sé að ræða yngstu ofnleifarnar á svæðinu eða a.m.k. hráefnið sem notað var í ofngerðina.

Kolagröf

Í ljós kom kolagröf í könnunarskurðinum þremur metrum vestan megin við uppgraftarsvæðið eins og vonast var eftir. Gröfin reyndist vera 154 x 142 cm að stærð, 35-40 cm djúp, nánast alveg hringlaga með flatan botn og aflíðandi halla. Jarðlögin á brúnum hennar og fyllingarnar innan í benda til þess að gert hafi verið til kola í henni í nokkur skipti, a.m.k. þrisvar, mögulega fjórum sinnum. Ekki er hægt að segja að svo stöddu hvort hún hafi verið í notkun á fyrra stigi járnvinnslunnar eða því síðara. Hún er þó nokkuð nálægt sjálfu vinnslusvæðinu og hefur því verið auðvelt að sækja kolin sem þurfti við rauðablásturinn.



Mynd 21 Efsta lagið í kolagröfinni. Mynd tekin í norður. Ljósmynd LLD.




Mynd 22 Snið á kolagröfinni. Mynd tekin í norður. Ljósmynd LLD.




Mynd 23 Búið er að fjarlægja allar fyllingar úr kolagröfinni. Mynd tekin í vestur. Ljósmynd LLD.

Kolagröf Snið norður



Teikning 5. Þversnið kolagrafarinnar. Teikning LLD. Tölvuvinnsla MHH.



Teikning 6. Teikning af botni kolagrafarinnar. Teikning LLD. Tölvuvinnsla MHH

Nokkuð af rauðri léttri möl fannst á nokkrum stöðum á svæðinu en mölin líkist rauðanum sem fannst við uppgröft á rauðablástursminjum í Skógum í Fnjóskadal. Sennilegast er um að ræða leifar af hráefninu sjálfu sem notað er við járnvinnsluna, þ.e. mýrarrauðinn sjálfur. Ætla má að hrynji úr honum þegar verið er að meðhöndla hann við rauðablásturinn.

Gripir

Aðeins fimm gripir fundust við uppgröft á svæði B og hafa þeir verið skráðir í menningarsögulega gagnagrunn Þjóðminjasafnsins, Sarp. Helst má nefna frekar stórt brot af rauðri eldtinnu (2016-55-9) sem fannst í elsta kolalaginu [260] á svæðinu. Hún hefur verið notuð til þess að kveikja upp í rauðablástursofnunum. Kúpt brot úr leir (2016-55-8)¹⁰, sótað og hvítt að lit, fannst í yngri fasa í lagi [214]. Aðrir gripir voru rauður vaxmoli (2016-55-7), steinn (2016-55-4) og járn (2016-55-10) sem gæti verið brot af áhaldi eða nagli.

Túlkun niðurstaðna á Auðkúlu

Rannsóknarspurningar sem lagt var upp með fyrir Auðkúlu sumarið 2015 voru að kanna umfang járnvinnslusvæðis og halda áfram að kanna eðli og umfang rústa á svæðinu.

Niðurstöður voru þær helstar að aðeins virðist vera um einn skála að ræða á þessu svæði. Það sem talið var skáli reyndist vera skurður sem grafin hefur verið og hugsanlega í tengslum við járnvinnslu og veggur þar við hliðina sem virðist vera frá húsi sem hefur hugsanlega tengst járnvinnslunni. Í gólfi húnsins var mikið af



Mynd 24. Rauð flinta (2016-55-9) sem fannst á járnvinnslusvæðinu.

rauðri möl sem gæti verið geymslustaður fyrir rauðan sem notaður var við

¹⁰ Gæti líka verið unnið hvalbein.

járnvinnsluna. Lögun, útlit og stærð þeirra ofnleifa sem fundust á Auðkúlu passa ágætlega við lýsingar á rauðablástursofnum sem fundist hafa á Íslandi og í Norður – Evrópu. Rásir út úr ofnum [1] og [4] benda til þess að ofnarnir séu af þeirri gerð sem gjallinu er hleypt af en ekki látið liggja og safnast í botninum. Erfitt er að segja til um ofna [2] og [3] því ljósleiðaralögn liggur í gegnum þá vestanmegin. Í þeim fundust órunnir gjallklumpar. Þetta er þó erfitt að staðfesta þar sem búið er að raska ofnunum og fyllingum í botni þeirra. Svæðinu hefur verið skipt upp með torf- og malarbakka sem skiptir járnvinnslusvæðinu í tvo fasa og tilheyra ofnar [2-4] yngri en margnota ofn [1] tilheyrir þeim eldri. Járngerðarmenn hafa lagt torflög yfir það svæði sem ætlað var til járngerðar en ofnar og stoðarholur eru gerð í gegnum þessa torfþekju. Tilgangur með því gæti verið sá að ekki hefur þótt hentugt að grafa skurði og holur í þann jarðveg sem fyrir var eða til þess að jafna yfirborðið. Ofnarnir voru flestir grafnir niður í gegnum torfþekjuna, gerðir úr torfi, silt og grjóti. Engin gjóskulög eru að finna á svæðinu og því þarf að leita til annarra aðferða til aldursgreininga á minjunum. Kolasýni voru tekin úr flestum jarðlögum sem bíða greiningar.

Út frá sniðum sést að járnvinnslusvæðið heldur áfram í norður og vestur en kolagröfin í könnunarskurðinum er um 3 metra frá vestursniðinu. Jarðlög í austursniði könnunarskurðsins benda ekki til þess að járnvinnslusvæðið nái alla leið að kolagröfinni. Norður af járnvinnslusvæðinu er stutt í mela og því ekki líklegt að það haldi áfram meira en um 2 metra norður. Þá má gera ráð fyrir að járnvinnslan hafi farið fram á um 10 x 6 metra stóru svæði.

Umsvif rauðablástur á Auðkúlu eru ekki eins viðamikil og á Skógum í Fnjóskadal en þau eru sennilegast eitthvað meiri en í L'Anse aux Meadows á Nýfundnalandi þar sem fundust aðeins 15 kg af gjalli¹¹. Því til samanburðar fundust nokkur þúsund kíló á Skógum¹² og um nokkur hundruð á Auðkúlu¹³, eða 133 kg í 256 rúmmetrum af jarðvegi og er það aðeins um 1/3 af því svæði sem var rannsakað og tengist járnvinnslu á staðnum. Gæði mýrarrauðans frá þessum stöðum á eftir að bera saman og því ekki hægt að reikna umsvifin út frá þyngd gjallsins einungis. Það má þó gera sér einhverja hugmynd. Frekari greiningar á gjall- og kolasýnum á Auðkúlu á eftir að fara fram og mun

¹¹ Espelund, Arne 2007.: 56.

¹² Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga 2015: 92.

¹³ Margrét Hallmundsdóttir ofl. 2016:16.

þá vera hægt að gera ítarlegri samanagerð á þessum stöðum, ásamt Hrafnseyri¹⁴ og fleirum járnvinnslustöðum sem hafa verið rannsakaðir á Íslandi.

Uppgrefti á svæðinu er ekki fulllokið og eru enn ógráfin lög í suðvesturhorni uppgraftarsvæðisins. Áætlað er að það taki um 2-3 daga að klára svæðið í næsta áfanga.

Járnvinnsla hefur farið fram á Auðkúlu en opna þarf stærra svæði til að kanna umfang þeirrar vinnslu. Sumarið 2015 voru minjar á Auðkúlu myndaðar með öflugum dróna með hágæða myndavél. Gerður var könnunarskurður í rúst sem talið var að væri jarðhýsi. Fljótlega kom í ljós að þarna var um að ræða lítinn kirkjugarð og í miðju hans var bænhús. Varðveisla beina reyndist engin í garðinum enda jökulruðningur. Ef rannsóknir áráanna 2013 og 2015 eru skoðaðar sem og myndir sem teknar voru með dróna sumarið 2015 er ljóst að á Auðkúlu var búið um árið 1000 enda líklegt að kirkjugarðurinn sé frá fyrstu 100 árum kristni á Íslandi. Á svæðinu er skáli, hringlaga kirkjugarður og jarðhýsi auk þess eru fleiri byggingar í túninu t.a.m. rúst sem að öllum líkindum er fjós og túngarður. Ofan við byggingarnar er svo járnvinnslusvæðið. Uppgröftur á skála, jarðhýsi og útihúsum myndi að öllum líkindum ekki bæta við þá þekkingu sem við höfum af byggingum frá þessum tíma á Íslandi Hinsvegar væri athyglisvert að skoða frekar járnvinnslusvæðið og rannsaka bænhúsið og kirkjugarðinn sem virðist líkjast mjög þeim kirkjugörðum og bænhúsum sem er verið að rannsaka í Skagafirði í Skagfirsku kirkjurannsókninni og eru frá fyrstu 100 árum í kristni. Rannsókn á bænhúsinu og kirkjugarðinum myndi útvíkka þá rannsókn sem hefur bætt mikið við þekkingu okkar á fyrstu skrefum Íslendinga í kristinni trú. Þar sem varðveisluskilyrði beina eru slök er ekkert unnið með því að opna fleiri grafir í kirkjugarðinum en forvitnilegt að rannsaka bænhúsið og kirkjugarðinn sjálfan og setja í samhengi við niðurstöður *Skagfirsku Kirkjurannsóknarinnar*.

¹⁴ Árið 2015 fundust tvær kolagrafir á Hrafnseyri og gjallmolar (sjá framvinduskýrslu rannsóknarinnar frá árinu 2015).

Arnarfjörður á miðöldum – framhald rannsókna

Markmið fyrir árið 2016 var að rannsaka frekar landnámsbyggðina á Auðkúlu og var rannsóknum haldið áfram á járnvinnslusvæðinu og meintu bænhúsi. Járnvinnslusvæðið reyndist mjög flókið í uppgrefti og tók mikinn tíma en þar komu í ljós fjölmargir ofnar og kolagröf. Það setti nokkuð strik í reikninginn að bein fundust ekki í þeim tveimur niðurgröftum sem hafa verið rannsakaðir við húsið sem stendur í miðjunni á hringlaga garðlagi. Rannsóknir á svæðinu halda áfram næsta sumar með sérfræðingum *Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar*. Ef hægt verður að staðfesta með algjörri vissu að um fjölskyldugrafreit sé að ræða er komin spennandi niðurstaða í rannsóknir á frumkristni á Íslandi. Sérstaða rannsókna á Vestfjörðum er algjör skortur á gjóskulögum sem gerir aldursákvörðun erfiðari. Sýni af járnvinnslusvæði eru í aldursgreiningu. Fyrirhugað er að rannsaka þær byggingar sem ekki gafst tími til að rannsaka sumarið 2016. Tilgangur þeirra er að komast að því hvort allar byggingarnar eru frá sama tíma. Með c14 aldursgreiningum og frekari skoðun á mannvirkjum ætti að vera hægt að fá niðurstöður um hvenær búið var í skálanum á Auðkúlu en grunur leikur á að það sé um árið 1000. Ekki er fyrirhugað að grafa allar byggingarnar í burtu heldur fá fram aldur og gerð þeirra húsa sem þar eru með könnunarskurðum og sýnatökum, m.a. með borkjarna. Vonast er til að niðurstöður um aldur og gerð mannvirkja á Auðkúlu liggi fyrir í lok sumars 2017.

Á Hrafseyri er áætlað að klára rennuna og staðfesta notkun hennar. Það verður gert með því að skoða svæðið þar sem hún endar syðst í túninu. Ef sú könnun leiðir í ljós að hleðslur og veggir halda áfram alveg út að bakkanum er ljóst að um göng sé að ræða. Það yrði með merkilegri fornleifafundum síðari ára því þá er mannvirkið um og yfir 70 m á lengd. Hrafseyri er merkilegur sögustaður þar sem hinn goðsagnakenndi höfðingi Hrafns Sveinbjarnarson bjó. Hann gerði mikil mannvirki á Hrafseyri og er virkið eitt þeirra. En rannsóknir síðustu ára hafa leitt í ljós veru manna á Hrafseyri allt frá lokum 9. aldar. Járn- og kolavinnsla fór fram á Hrafseyri 300 árum áður en Hrafn bjó þar. Öll þessi saga þarfnast frekari rannsókna sem verður framhaldið.

Fornleifaskráning í Arnarfirði er forsenda frekari rannsókna og er áformað að hefja áframhaldandi skráningu minja í Arnarfirði á árinu 2017.

Á næstu árum verða göng frá Arnarfirði yfir í Dýrafjörð opnuð og þar með hverfur umferð inn Arnarfjörðinn og Hrafseyri fer úr alfaraleið. Því er mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustu og Hrafseyri sem menningarseturs að rannsóknir haldi áfram.

Arnarfjörður á mikla sögu sem mikilvægt er að gera skil á og koma í veg fyrir að þetta forna höfuðból sem á svo sterkar rætur í íslenskri þjóðmenningu, bæði sem stórbýli á Sturlungaöld og fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar standi ekki autt og gesta laust. Rannsóknirnar *Arnarfjörður á miðöldum* eru því mikilvægar, bæði til að auka þekkingu okkar á sögu Arnarfjarðar, upphafi og þróun byggðar og til að vera lyftistöng fyrir menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu. Efniviður rannsókna er nægur og mikilvægt að halda þeim áfram.

Heimildir

Böðvar Bjarnason 1961. *Hrafnseyri*. Bókaútgáfa menningasjóðs og Þjóðvinafélasins. Reykjavík

Espelund, Arne. 2007. „Ancient Ironmaking in Iceland, Greenland and Newfoundland.“ *Archaeologica Islandica 6. Journal of Icelandic Archaeology*, bls. 48-73. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Guðmundur Ólafsson. 1979. . „Grelutóttir.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 25-73. Hið íslenska fornleifafélag, Reykjavík.

Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. 2015. „Rannsókn rauðablástursminja í Skógum í Fnjóskárdal.“ Í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. Birna Lárusdóttir (ritstj.). Hið íslenska fornleifafélag, Reykjavík.

Guðný Zoëga, 2009. Skagfirska kirkjurannsóknin framvinduskýrsla 2009. Byggðasafn Skagfirðinga: Rannsóknarskýrslur: 95.

Margrét Hallmundsdóttir og Guðný Zoëga 2013. *Fornleifarannsóknir á Hrafnseyri við Arnarfjörð*. Framvinduskýrsla. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 14-13. Margrét Hallmundsdóttir, Margrét Björg Magnúsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2016. *Arnarfjörður á miðöldum*. Framvinduskýrsla 2015. Nv nr. 03-16. Náttúrustofa Vestfjarða.

Orri Vésteinsson 1996. *The Christianization of Iceland, priests, power, and social change 1000-1300* Thesis submitted in fulfilment of the requirements for the degree of Ph.D. in History of the University of London in 1996.(Fjölrít)

Þór Hjaltalín 1999. Keldur á Rangárvöllum. Framkvæmdir á Keldum 1997-1998 og stefnumótun á viðgerð bæjarins. Rannsóknaskýrslur Þjóðminjasafnsins. Þór Magnússon. 2004. „Málsmíðar. Gripir til gagns og prýði.“ Í *Hlutavelta tímans*. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.). Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

Skýrslur rannsóknarinnar

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Guðný Zoëga, 2012, Fornleifakönnun á Hrafnseyri við Arnarfjörð, NV nr. 08-12 – Náttúrustofa Vestfjarða

Margrét Hallmundsdóttir. 2013. Fornleifarannsóknir á Hrafnseyri við Arnarfjörð. Framvinduskýrsla 1. NV nr. 14-13. Náttúrustofa Vestfjarða.

Margrét Hallmundsdóttir. Sólrún Inga Traustadóttir. Björk Magnúsdóttir. Arnarfjörður á miðöldum. Framvinduskýrsla 2015. NV nr. 02-16. Náttúrustofna Vestfjarða.

Viðauki 1. Einingaskrá

Auðkúla 2016 Svæði B Járnvinnsla

Eining nr.	Tegund	Lýsing
1	Ofn	Elsti ofninn á svæðinu, staðsettur í suðvesturhorni uppgraftarsvæðis. Samanstendur af torfi, kola-og gjallfyllingu og steinum. Einn steinninn er afar stór eða um 60x20x30 cm og flatur að ofan. Innra mál hans er um 70 cm.
2	Ofn	Hringlaga skurður <258> staðsettur í norðvestur horni uppgraftarsvæðis. Fylling [235] var blönduð lögum fyrir ofan vegna ljósleiðara sem lagður var í gegnum ofnleifarar að vestanverðu. Í henni voru brenndir og eldsprungnir steinar, órunnið gjall neðst í botninum, efst voru kol. Samtíða ofni [3] og [4].
3	Ofn	Sívalningslaga skurður <261> staðsettur í norðvestur horni uppgraftarsvæðis. Fylling [263] var blönduð lögum fyrir ofan vegna ljósleiðara sem lagður var í gegnum ofnleifarar að vestanverðu. Í henni var órunnið gjall neðst í botninum. Samtíða ofni [2] og [4].
4	Ofn	Skurður <234> staðsettur austan við ofna 2 og 3 en er samtíða þeim. Hann er frekar óreglulegur í laginu en 50 cm í þvermál í austurhluta og 40 cm í vesturhluta. Þrjár fyllingar tilheyra ofninum: Fylling [233] er kola- og rauðafylling. Fylling [236] samanstendur af rauðri mól. Fylling [240] samanstendur af kolum og rauðri mól, torf neðst í botninum við hliðina á flötum steini.
207	Fylling í ofni	Kol, gjall og steinar. Fylling í ofni [1]. Gjallsýni #19.
208	Kolalag	Kolalag með gjallmolum.
209	Torfblönduð mold	Torf- og kolablandað lag, efst við grasrót.
210	Fylling í kolagröf	Kolalag með gjallmolum.
211	Fylling í kolagröf	Sendin silt með fíngerðri mól.
212	Sendin silt	Mjög þétt sendið lag, ljósbrúnt. Gjallsýni #5. Rauður moli fannst í laginu, mögulega vax: 2016-55-7.
213	Jarðlag í kolagröf	Lítið kolasót sem er á brúnum kolagrafarinnar og náði ekki ofan í hana.
214	Sendin silt	Mjög þétt sendið lag, afar líkt lagi [212] en aðeins dekkra. Brunnið leirbrot, eilítið kúpt fannst í laginu: 2016-55-8. Gæti mögulega verið hvalbein.
215	Jarðlag í kolagröf	Sendin silt með fíngerðri mól. Eins og [211].
216	Fylling í kolagröf	Blandað kolalag með silt linsum og sóti. Gjallsýni #16.
217	Fylling í kolagröf	Blandað jarðlag með kolum, mól, smásteinum og torflinsum.

218	Fylling í kolagröf	Blandað kolalag, eins og [216]. Kolasýni #18.
219	Blandað jarðlag	Kolalag með gjallmolum ásamt þykkum þéttum siltlögum sem eru um 16-20cm þykk á nokkrum stöðum. Sýni: Kolasýni #1 og Gjallsýni #2.
220	Fylling í kolagröf	Sendin silt með mikið af mól.
221	Fylling í kolagröf	Neðsta og elsta fyllingin í kolagröfinni. Kol, sót og brennt torf.
222	Stoðarhola	Hringlaga stoðarhola í NV horni járnvinnslusvæðis. Dýpt 20 cm. Þvermál um 18 cm. Engar viðarleifar voru í holunni.
223	Jarðlag í kolagröf	Kolasót, staðsett á brún kolagrafarinnar og náði ekki ofan í hana.
224	Jarðlag í kolagröf	Sendin silt með smá torfleifum og kolasóti. Eins og [211] og [215].
225	Rauðbrún mold	Rauðbrún malarblönduð mold umhverfis dæld <238>.
226	Kolagröf	Aflíðandi niðurgröftur fyrir kolagröf, hringlaga. Kolagröfin er 35-40 cm djúp og mælist 154 cm í þvermál þar sem hún er breiðust (norður-suður), annars 142 cm (austur-vestur).
227	Torf	Torflag sem tilheyrir ofni [1]. Virðist hafa verið skorið á einum stað.
228	Kolalag	Gjallríkt kolalag, mögulega ofnfylling. Gjallsýni #3.
229	Torf og silt	Torfkennt lag, ofnleifar.
230	Rauðbrún mól	Rauðbrúnt malarlag sem liggur ofan í dæld á miðju uppgraftarsvæði. Gjallsýni #4.
231	Kolalag	Kolalag, blandað gjalli. Kolasýni #6.
232	Fylling	Fíngert kolalag í dæld/pytti <238>. Mjög eldsprunginn steinn var í laginu. Gjallsýni #7.
233	Fylling	Kolafylling úr ofni [4]. Blandað mól og gjalli. Flatur steinn neðst í botni.
234	Niðurgröftur	Niðurgröftur fyrir ofn [4]. Óreglulegur að lögun, gæti verið leifar af tveimur ofnum. Stór flatur steinn í botninum. Kolasýni #14. Gjallsýni #15.
235	Fylling	Fylling í ofni [2]. Röskuð að hluta vegna ljósleiðara <239>. Í fyllingunni voru brenndir og eldsprungnir steinar, kol efst en neðst órunnið gjall, nánast engin kol.
236	Fylling	Malarfylling í ofni [4].
237	Fylling	Hörð og járnrík fylling neðst í pytti <238>. Bleik að lit. Kola- og gjallsýni #17.
238	Pyttur/kolagröf?	Niðurgröftur upp við norðursnið uppgraftarsvæðis. Mögulega kolagröf sem hefur verið endurnýtt sem ofn?
239	Nútímaskurður	Skurður eftir ljósleiðara. Liggur þvert yfir uppgraftarsvæðið og raskar tveimur ofnum: [2] og [3]. Var afar ógreinanlegur á yfirborði en sást í norðursniði. Breidd 5-12 cm, lengd 6.3 m. Dýpt: 80 cm frá grasrót.
240	Fylling	Kol og rauð mól, torflinsa neðst, í ofni [4].

241	Fylling	Fylling í stoðar-eða pinnaholu. Staðsett suðaustur af pytt <238>. Jarðvegurinn samanstendur af kolum gjalli, silt og torfi. Engar viðarleifar voru sjáanlegar.
242	Stoðar/pinnahola	Stoðar/pinnahola staðsett suðaustur af pytt <238>. Samtíða <244>.
243	Fylling	Fylling í stoðar-eða pinnaholu. Staðsett suðaustur af pytt <238>. Jarðvegurinn samanstendur af kolum gjalli, silt og torfi. Engar viðarleifar voru sjáanlegar.
244	Stoðar/pinnahola	Stoðar/pinnahola staðsett suðaustur af pytt <238>. Samtíða <242>.
245	Möl	Rauðleit möl með stórum torflinsum inn á milli, nokkuð lagskipt. Myndar háan bakka sem afmarkar endamörk járnvinnslunnar til austurs og suðurs. Samtíða malarlagi [246] sem er samskonar.
246	Möl	Rauðbrúnt malarlag, liggur hátt í landslaginu eins og lag [245] sem er samtíða. Ljós steinn fannst í laginu: 2016-55-4.
247	Fylling	Fylling í stoðarholu <248> og samanstendur af kolakurli, stærstu molarnir eru 1x1 cm. Inniheldur rauðamöl og gjallmola.
248	Stoðarhola	Stoðarhola um 9 cm í þvermál og 15 cm djúp, hallar lítillega til suðurs. Hringlaga.
249	Bakki/skurður	Óreglulegur skurður eða bakki sem myndast hefur í torfinu sem þekur nánast allt uppgraftarsvæðið.
250	Möl	Rauðleit möl blönduð silt.
251	Kolalag	Torfblandað kola- og gjallríkt lag með brenndum steinum.
252	Torf/silt	Tvískipt lag: torf og silt með minniháttar kolasmíti.
253	Kolalag	Kola- og gjallríkt lag. Efst í laginu er mikið af gjallmolum en þegar neðar dregur er mun minna af gjalli. Lagið er það sama og efri hluti lags [202] grafið árið 2015. Kolasýni #20. Gjallsýni #21 og #22. Rauður moli fannst í laginu, mögulega vax: 2016-55-11.
254	Jarðlag	Sendinn grár bakki, þétt í sér og inniheldur nokkra stóra gjallmola.
255	Kolalag	Kolalag.
256	Fylling	Rauðleit og grá möl með kola- og gjallmolum. Fyllingin hefur myndast þegar ljósleiðarinn <239> var lagður þvert yfir svæðið og er því blanda af öllum þeim jarðlögum sem liggja á þessu svæði frá grasrót niður í náttúrulegan jarðveg. Blanda af kolum, gjalli, ljósum jarðvegi og rauðamöl.
257	Torf	Mjúkt ljóst torf með kolamolum og gjalli. Mjög blandað. Járnþútur fannst í laginu: 2016-55-10.
258		Niðurgroftur fyrir ofn [2] sem hefur verið raskað af ljósleiðaraskurði <239> að vestanverðu. Ofnskurðurinn er hringlaga, um 35x23x18 cm að stærð.
259	Torf	Kolablandað torflag, skorið af ljósleiðaraskurði, sama og [257].

260	Kolalag	Elsta kolalagið á suðvesturhorni. Samanstendur af kolum, gjalli, smá torflinsum. Nokkur gjallsýni tekin á mismunandi stöðum en mikið var af órunnum gjallmolum. Lagið er það sama og neðri hluti lags [202] frá árinu 2015. Gjallsýni #23. Gjallsýni #24. Gjallsýni #26. Rauð flinta fannst í laginu: 2016-55-9 og brennt bein: 2016-55-12.
261	Niðurgröftur	Niðurgröftur fyrir ofn [3] sem hefur verið raskað töluvert að vestanverðu af ljósleiðaraskurði <239>. Ofnskurðurinn er sívalningslaga, um 40x25x18cm að stærð.
262	Torfþekja	Ljósbrúnt og gult torf sem þekur allt járnvinnslusvæðið og niðurgreftir fyrir ofna 2,3 og 4 eru gerðir í það. Sama lag og [205] sem grafið var 2015. Ógrafið 2016.
263	Fylling	Fylling í ofni [3], í henni var órunnið gjall en hún er röskuð að hluta vegna ljósleiðara <239>.

Viðauki 2. Einingaskrá

Auðkúla 2016 svæði C Kirkjugarður

Eining	Efni	Tegund	Lýsing
301	Mól. Lyng, rætur	Jarðlag	Yfirborð rætur og lyngmói
302	Torf, mjög þétt, brúnt	Jarðlag	Torflag sem lagt er yfir kirkjugarðinn
303	Skurður	Gröf 1	Engin bein, torf og grófur jökulruðningur, torfið var mest efst 50 cm á dýpt
304	Skurður	Gröf 2	Ekki grafin í botn, Form skurðarins skoðað og fylling efst
305	Brunalag	Jarðlag	Svart brunalag. Var yfir vegg og aðeins í kring.
306	Skurður	Gröf 3	Ekki grafin
307	Torf	Veggur	Torf líklega úr kirkjugarðsvegg
308	Torf	Veggir	Lítill bygging úr torfi
309	Mól mold	Jarðlag	Malarkennt lag innan rústarinnar
310	Torf, mold	Jarðlag	Torfkennt lag, ljósbrúnt undir mól innan í rústinni
311	Skurður	Gröf 4	Skurður cut, torfkennt efst og svo alalega mold og jökulruðningur, mjög gróft. Um 50 cm á dýpt


Viðauki 4. Einingaskrá

Hrafnsyri 2016 svæði G


Eining	Efni	Tegund	Lýsing
601	Mold, rætur	jarðlag	Yfirborðslag. Aðallega rætur
602	Mold og rusl	Fylling	Brúnleit lag með mikið af rusli í. Kolum og beinum. Líklega gamalt ruslslag
603	Mól rusl	Fylling	Ruslslag mikið af kolum og beinum. Nokkuð gróft og malarkennt
604	Torf	Veggur	Torf. Líklega veggur
605	Grjót	Hleðsla	Grjóthleðsla undir vegg
606	Mól járnlituð	jarðlag	Óhreift rauðleitt malarlag
607	Skurður	Skurður/cut	Gryfja/renna/niðurgroftur
608	Torf	Veggur	Torfveggur hlaðin úr streng.


Viðauki 5. Harris Matrix

Hrafseyri. Svæði G



Auðkúla svæði B Kolagröf





Viðauki 3. Gripaskrá

Auðkúla og Hrafseyri 2016. Taflan er í landscape – annaðhvort breyta blaðinu í landscape eða töflunni í portrait.

Jörð	Rannsóknarnúmer	Fundarnúmer	Tegund	Efni	Tegund lags	Eining númer (context)	Fundardagur	Svæði	Stærð
Auðkúla	2016-55	2016-55-2	Perla	Gler	yfirborð	301	9.8.2016	c	0,3 x 0,3 x 0,1 cm
Auðkúla	2016-55	2016-55-3	Tönn	Tönn	Yfirborðslag	301	10.8.2016	B	5 x 2,5 x 2 cm
Auðkúla	2016-55	2016-55-4	Steinn	Steinn	mannvistarlag	246	23.8.2016	C	9,5 x 4,7 x 2 cm
Auðkúla	2016-55	2016-55-5	Gjall	Járingjall	yfirborðslag	301	10.8.2016	c	5,3 x 2,4 x 2 cm
Auðkúla	2016-55	2016-55-6	Járn	Járn	Yfirborðslag	301	8.8.2016	c	2,6 x 1,3 x 1,1 cm
Auðkúla	2016-55	2016-55-7	Vaxmoli	Vax	Mannvistarlag	212	8.8.2016	B	1,4 x 1,5 x 0,8 cm
Auðkúla	2016-55	2016-55-8	Leir	Leir	Mannvistarlag	214	12.8.2016	B	3,4 x 3,3 x 0,9 cm
Auðkúla	2016-55	2016-55-9	Tinna	Tinna	Mannvistarlag	260	25.8.2016	B	5,4 x 4,2 x 1,8 cm
Auðkúla	2016-55	2016-55-10	Járn	Járn	Mannvistarlag	257	24.8.2016	B	5 x 1,1 x 1 cm
Auðkúla	2016-55	2016-55-11	Vaxmoli	Vax	Mannvistarlag	253	24.8.2016	B	1,9 x 1 x 0,3 cm
Auðkúla	2016-55	2016-55-12	Bein	Brennt bein	Mannvistarlag	260	25.8.2016	B	1,1 x 1,0 x 0,1 cm
Hrafseyri	2016-54	2016-54-1	Nagli	Járn	Mannvistarlag				2,8 x 1,1 x 0,6 cm
Hrafseyri	2016-54	2016-54-2	Tinna	Glerhallur	Mannvistarlag	602	22.8.2016		4,6 x 3 x 1,3 cm
Hrafseyri	2016-54	2016-54-3	Textílleifar	ull/vefnaður	Mannvistarlag	603	23.8.2016		5 x 4,2 x 0,2 cm
Hrafseyri	2016-54	2016-54-4	Sleggjubrot	Steinn	Mannvistarlag	603	26.8.2016		13,3 x 9,2 x 3 cm